



470.fundur Þingvallanefndar
29.apríl 2020
klukkan 11:30
Fjarfundur á Teams

Mættir: Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson, Karl Gauti Hjaltason. Hanna Katrín Friðriksson og Páll Magnússon boða forföll.

Gestur: Lilja Jónasdóttir lögfræðingur. Auk hennar sat fundinn Einar Á. E. Sæmundsen og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Ari Trausti býður nefndina velkomna og setur fund.

Dagskrá:

1. Sumarbústaðarmál.

Valhallarstígur N. 7

Þjóðgarðsvörður kynnir forsögu eignarinnar og lóðarinnar. Umræða.

Bókun:

Þingvallanefnd samþykkir að kaupa grunn og leysa til sín lóðaleiguréttindi, að Valhallarstíg Nyrðri nr. 7, með hefðbundnum fyrirvara um samþykki Umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Fjármála- og efnahagsráðuneytis.

2. Áhrif Covid19 á rekstur þjóðgarðsins.

Þjóðgarðsvörður gerir grein fyrir fjárhagsstöðu þjóðgarðsins vegna Covid19 og samskipta við Umhverfis og auðlindaráðuneytið til úrlausna á fjárhagsstöðu þjóðgarðsins.

Önnur mál:

Vindmyllugarður á Mosfellsheiði.

Formaður fer yfir matsskýrslu um vindmyllugarð á Mosfellsheiði. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum fékk hana ekki til formlegrar umsagnar en umsagnarfrestur er liðinn. Formaður fór yfir samskipti við verkfræðistofuna Mannvit vegna skýrslunnar og beiðni hans um að hún verði kynnt á fundi fyrir Þingvallanefnd. Mannvit hefur samþykkt það og stefnt að því við fyrsta tækifæri.

Niðurstaða í útboði á innheimtakerfum á bílastæðum

Þjóðgarðsvörður fer yfir útboð á innheimtakerfum á bílastæðum og niðurstöður útboðsins.

Ari Trausti slítur fundi og þakkar fyrir.